

Nefndarsvið Alþingis
 Velferðarnefnd
 Austurstræti 8-10
 150 Reykjavík
 nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 6. apríl 2022


Efni: Umsögn um mál 450, frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (nikótínvörur).

Umsögn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins fagnar framkomnu frumvarpi sem setur nauðsynlegar og mjög tímabærar lagareglur um nikótínþúða. Félagið fagnar líka þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu og teystir á að það nái fram að ganga.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur alla tíð barist fyrir takmörkunum á tóbaksneyslu til að koma í veg fyrir margvíslegt heilsutjón af völdum hennar. Tóbaksvarningur (reyktóbak, reyklaust tóbak, rafrettur og aðrar nikótínvörur) er mjög ávanabindandi og rannsóknir benda til þess að fikt með slíkar vörur þróist oft út í daglega notkun, ekki síst meðal unga fólksins.

Í Gallup-könnun sem Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og fleiri létu gera í nóvember 2021 er m.a. spurt: *Hver eftirfarandi fullyrðinga á best við um notkun þína á nikótínþúðum (í vör) og öðrum nikótínvörum? Á myndinni hér að neðan sést greinilega hversu gríðarleg aukning hefur orðið á neyslu nikótínþúða milli árunna 2020 og 2021. Ekki síst meðal þeirra sem notuðu ekki nikótín í neinu formi áður. Aukningin kemur líka vel fram í notkun á fleiri en einni tegund nikótínvara. Enda hafa framleiðendur og söluaðilar haft algjörlega frjálsar hendur við að koma varningi sínum á framfæri á mjög gengdarlausan hátt.*



Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins leggur áherslu á að hnykkja þurfi á 11. gr. laganna um auglýsingar og sýnileika á sölustöðum. Mjög mikilvægt er að skýrt komi fram að bannaðar verði hvers kyns auglýsingar þar sem vörumerki verslananna/útsölastaða komi fram. Einnig þarf að áréttta bann við tilkynningum og auglýsingum á samfélagsmiðlum, bann við tilboðum og við dreifingu vörusýna til neytenda. Við myndum líka vilja sjá að vefsala/netverslun á nikótínvarningi verði bönnuð.

Ísland undirritaði rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um tóbaksvarnir (FCTC). Ísland undirritaði samninginn árið 2003 og var hann síðar fullgiltur árið 2004. Ísland er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), það hefur samþykkt að innleiða tóbaksvarnartillögur WHO sem miða ekki síst að því að vernda börn og ungmenni en Ísland á eftir að innleiða margar þessara tillagna. Það er ekki að ástæðulausu að ein af tillögum WHO, og þar með EES, snýr að því að banna bragðefni/einkennandi bragð (svo sem mentól) í tóbaki (sigarettum/reyktóbak). Þetta er gert til að reyna koma í veg fyrir að tóbaksvarningur verði ekki eins aðlaðandi fyrir börn og ungmenni og fólk sem reykir ekki. Því er mjög jákvætt í frumvarpi þessu að bannað verði að selja nikótínvarning sem inniheldur bragðefni (svo sem nammi- og ávaxtabragð). Tóbaksiðnaðurinn hefur m.a. reynt að setja fram þær hugmyndir að tóbaks- og nikótínvörur hafi heilsufarslegan ávinning ef þær eru með ákveðnu bragði. Á sama hátt heldur tóbaksiðnaðurinn því fram að notkun rafretta og nikótínþúða séu öflug leið til þess að hætta að reykja. Ísland hefur lengi verið með lágt reykingarhlutfall og það er ekki framleiðendum þessa varnings að þakka (nema að mjög litlu leyti) heldur er markmið tóbaksiðnarins að stækka viðskiptahóp sinna og auka sölu á varningi sem veldur mikilli fíkn (meðal hóps sem ekki hefur reykt áður). Það sjáum við ekki síst í niðurstöðum könnunar sem vísað er í hér að framan. Það hlýtur alltaf að vera heilsufarslegur ávinningur að nota ekki nikótínvarning í neinu formi burtséð frá umbúðum, markaðsetningu eða bragði. Því nikótín veldur margvíslegum skaða.

Við viljum enda umsögn þessa á setningu sem kom fram í Fréttablaðinu 31. mars sl. Bakþankar Kolbeins Marteinsonar: „Nikótínfíknin sefur en fer aldrei. Ekki reyna að dansa við hana.“

Virðingarfyllst,



Árni Einarsson
formaður
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins



Guðlaug B. Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins